



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110023513

Fimmtudagur

26. apríl 2012
17. tbl. · 29. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI
Sími: 456 3995
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 7-17



Sprotar og framtíðin

„Á því tímabili sem vaxtarsamningurinn hefur verið til staðar hefur Atvest sett um 120-130 milljónir í um eitt hundrað verkefni. Það er erfitt að mæla árangurinn beint í störfum en gróft áætlað höfum við kannski stutt við og skapað um 60 ný störf,“ segir Neil Shiran K. Þórisson, framkvæmdastjóri hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða í opnuviðtali í BB í dag.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |



„Skerðing aflahlutdeilda í þorskveiðum er áhyggjuefni“



Einar Kristinn á fundinum á Ísafirði.

„Kjarni frumvarpsins er í grunninn mjög einfaldur. Hann felur í sér lækun tekna hjá útgerðarfyrirtækjum og aukin útgjöld. Þetta hlýtur að hafa neikvæð áhrif í för með sér,“ sagði Einar Kristinn Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi og fyrrv. sjávarútvegsráðherra, á opnum fundi á vegum sjálfstæðismanna á Hótel Ísafirði í síðustu viku. Einar sagði að frumvarp um stjórn fiskveiða hefði verið lagt fram án þess að áhrifin á þjóðarþúið, fjárfestingarstigið, sjávarútveginn í heild, einstaka útgerðarflokka og einstök landsvæði hafi verið kynnt.

Einar telur að frumvarpið,

sem nú liggur fyrir Alþingi, muni veikja sjávarútveginn og byggðirnar á Vestfjörðum, verði það að lögum. Hann telur að hin mikla neikvæða umræða í kringum aukna hækkingu á veiðigjaldi skyggi á þá staðreynd, að annað atriði frumvarpsins muni einnig koma sér illa fyrir Vestfirðinga.

„Í frumvarpinu er sérstaklega vegið að þeim útgerðum sem stunda þorskveiðar, en gert er ráð fyrir því að skerða sérstaklega aflahlut þeirra umfram aðrar aflahlutdeildir,“ segir Einar, en einnig er lagt til að aflahlutheildir í steinbít, ýsu og ufsa verði skertar. Á Vestfjörðum er mikil bolfisksútingerð, einkum þorskútingerð, og

útgerðarmenn því mjög háðir krókaafلامarki. Að mati Einars þarf framlegðin að vera mikil til að standa undir sér, en frumvarp ríkisstjórnarinnar taki ekki á þessum þáttum.

„Þessar fisktegundir eru sérstaklega mikilvægar fyrir Vestfirði. Sömuleiðis er mjög alvarlegt að þeir sem hafa tekið á sig skerðingu á þorskkvóta undanfarin ár fái ekki að njóta afakstursins núna,“ sagði hann og vísaði í stækkun þorskstofnsins, sem hefur ekki verið öflugri allt frá árinu 1985. Forsenda þess að þorskkvóti var skorinn niður á sínum tíma var að sögn Einars sú, að þeir sem tækju á sig skerðinguna fengju að njóta ávaxta hennar

síðar meir.

Einar lýsti sömuleiðis yfir efasemdum um að kvótapiing myndi tryggja jafnan aðgang að leigupottum. Hann telur það ákvæði vera mjög opið og enginn viti fyrir víst hvernig það verði nýtt. Pólítískur þrýstingur muni þar ráða för.

„Sérstök atлага er gerð að byggðum Vestfjarða og samþæringum sjávarbyggðum í frumvarpinu,“ sagði Einar.

Fundur sjálfstæðismanna var haldinn degi eftir opinn fund Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs á Ísafirði. Þar var kvótafrumvarpið til umræðu frá sjónarhorni hugmyndasmiða þess.

gudmundur@bb.is,
hlynur@bb.is



Frá Reykjanesi við Djúp.

Íhugar landeldi silungs í Reykjanesi

Dýrfiskur ehf. hefur óskað eftir atvinnulóð í landi Ísafjarðarbæjar í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Félagið hefur að undanfögnu unnið að því að skjóta frekari stoðum undir reksturinn og er einn liðurinn í því að skoða möguleika á landeldi silungs sem ætlað er að verði í Reykjanesi, gangi allt eftir. Að mati félagsins er æskileg staðsetning lóðarinnar sunnanvert við núverandi saltvinnslu Saltverks.

Unnið er að deiliskipulagi fyrir svæðið og hafa forsvarsmenn félagsins átt samtöl við hóteleigendur í Reykjanesi, sveitarstjóra Súðavíkurbrepps, Teiknistofuna Eik og forsvarsmenn Orkubús Vestfjarða, auk bæjaryfirvalda Ísafjarðarbæjar.

thelma@bb.is

Kvótafrumvarpið: Átakafundur á Ísafirði



Steingrímur J. Sigfússon á fundinum á Ísafirði.

Hiti var í fundargestum á Hótel Ísafirði á opnum fundi ráðherra og þingmanna Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í síðustu viku, þeirra Steingríms J. Sigfússonar sjávarútvegsráðherra og Ögmundar Jónassonar samgönguráðherra ásamt þingmönnum Guðfríði Lilju Grétarsdóttur, Jóni Bjarnasyni og Lilju Rafney Magnúsdóttur. Öll fluttu þau stuttar framsögur en mest þúður fór í að svara spurningum. Eðli málsins samkvæmt snerist umræðan að mestu um frumvarp til breytinga á stjórn fiskveiða en þó var einnig rætt um samgöngumál.

Steingrímur kynnti frumvarpið um breytingar á stjórn

fiskveiða en komst ekki átakalaust gegnum svör sín við fyrirspurnum þar sem talsvert var um frammiköll. Hann hóf mál sitt á því að kynna frumvarpið en lagði jafnframt áherslu á að góður árangur hefði náðst í efnahagsmálum frá því að ný ríkisstjórn tók við árið 2009. Því til stuðnings nefndi ráðherrann að á Íslandi er spáð mestum hagvexti í Evrópu á næsta ári næst á eftir Tyrklandi. Steingrímur kvaðst taka undir með Lilju Rafney og vera orðinn þreyttur á tuði sem einkenndist af svartagallsrausi og hrakspám.

Hvað varðar sjávarútveginn og fiskveiðistjórnunarfrumvarpið benti Steingrímur á fyrstu grein frumvarpsins sem lykilgrein, þar sem kveðið er á um að nytjastofnar við Ísland séu ævarandi sameign þjóðarinnar. Enginn á fiskinn í sjónum, sagði Steingrímur, hann á sig sjálfur. Engu að síður fengjum við sem samfélag afnot af honum en ríkið sæi um að deila honum út fyrir hönd þjóðarinnar. Vilji menn fá afnotarétt skuli þeir greiða gjald, því að þá fá þeir aðgang að takmarkaðri verðmætri íslenskri auðlind.

Steingrímur lagði áherslu á að nýtingarleyfi en ekki nýtingarsamningar séu höfð til grundvallar, en frumvarpið gerir ráð fyrir að núverandi handhafar aflaheimilda fái stærstan hluta aflaheimilda í þeim tegundum sem hafa verið settar í aflahlutdeild í formi nýtingarleyfa, sem ákveðnar kvaðir eru á. Móttaka nýtingarleyfanna felur að mati Steingríms í sér ígildi samkomulags milli handhafanna og ríkisins.

Aflaheimildum verður skipt í tvo flokka. Í flokki eitt eru aflahlutdeildir í formi nýtingarleyfa til útgerða og í flokki tvö til ríkisins. Með þessu móti verður til nýr leigupottur ríkisins sem selur aflamark (leigir) reglubundið á kvótapiing yfir fiskveiðiárið. Samkvæmt frumvarpinu er markmiðið að til verði virkur markaður með eðlilegri verðmyndum. Steingrímur bætti því við að ríkinu verður heimilt að ráðstafa aflaheimildum í flokki tvö til svæðisbundinnar útleigu ef stjórnvöld vilja styrkja tiltekin bæjarfélög.

Hvað varðar veiðigjöldin sjálf, sem mest er karpað og deilt um meðal útgerðarmanna, gildir að sögn Steingríms al-

gerlega ný aðferðafræði. Grunnjaldið sem allir munu greiða er 8 krónur fyrir þorskígildiskíló, en til viðbótar munu þeir sem hafa mjög góða afkomu borga sérstakt veiðigjald, sem tengt verður áætlaðri rentu hvers árs og skilar þjóðinni réttmætri auðlindarentu, eins og segir í frumvarpinu. Steingrímur tók fram að nú væru tímar gríðarlegs góðæris í sjávarútvegi og því gengi umræðan meðal útgerðarmanna um óvenju hátt auðlindagjald út á óraunverulega háar tölur. Allt leggist með sjávarútvegi nema hátt olíuverð um þessar mundir. Steingrímur tók dæmi og bakreiknaði fyrirhugaðar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu um 10 ár og sagði það sýna að árið 2004 hefði ekki króna verið borguð í veiðigjald ef fyrirhugað fyrirkomulag hefði þá verið við lýði.

Í grunninn lagði Steingrímur áherslu á að um væri að ræða afdráttarlaust ákvæði um þjóðareign á fiskveiðiaudlindinni. Fyrir þessa auðlind eigi útgerðir að greiða sanngjarnt gjald til þjóðarinnar.

gudmundur@bb.is,
hlynur@bb.is

Samkaup

úrval

góðir grannar



Sparnaðartilboð helgarinnar 27.- 29. apríl

samkaupurval.is



1.790 kr/kg

Grill lambalærissneiðar
frá Kjötseli



439

299 kr/pk

Vínarpylsur 10 stk 480g
frá Kjötseli



Lambaleggir maríneraðir
í hvítvíni, rósmaríni
og hvítlauk ... sjá uppskrift
á samkaupurval.is

Úrvals
lambagrillleggir **1.278** kr/kg

úr kjötborði eða pakkaðir ferskir

Góð kaup!



99 kr/pk

Eggjanúðlur 250g
frá Coop



199 kr/pk

Cashewnetur 90g
frá Coop



Úrvals
lambalæri **1.286** kr/kg

úr kjötborði eða pakkað ferskt

Góð kaup!



296 kr/stk

Coop salatsósar 400ml
þúsund eyja, hvítlauks, crème fraiche

... sjá uppskrift:
Paprikur fylltar spínati,
sveppum, jalapenopipar,
basilíku og brúnum
hrísgrjónum



Paprikur, rauðar **274** kr/kg

...sjá fleiri tilboð á samkaupurval.is

Helga Margrét Marzellíusardóttir var ekki há í loftinu þegar hún var búin að gera upp hug sinn um hvað hún vildi helst gera í lífinu. Tónlistin hefur átt hug hennar allan frá unga aldri og í dag er hún á þriðja ári í söngnámi við Listaháskóla Íslands. Helga Margrét tók á móti blaðamanni á notalegu heimili sínu í Reykjavík og sagði frá tónlistaráhuganum, framtíðaráformunum og skemmtilegasta kór í heimi.

Hljóp úr leikskólanum í tónlistarskólann

Þó að Helga Margrét sé nú reyndar fædd í Reykjavík man hún hvergi annars staðar eftir sér en á Ísafirði, enda ekki orðin ársögumul þegar foreldrar hennar, Margrét Geirsdóttir og Marzellíus Sveinbjörnsson, snéru aftur vestur eftir námsárin í borginni. Hún segir æskuárin fyrir vestan hafa verið dásamleg.

„Fjölskyldan mín er öll fyrir vestan; ömmur og afar og svo Frænka og Lilli, sem eru mjög stór partur af mínu lífi. Þau eru svona eins og auka amma og afi,“ útskýrir Helga Margrét. Frænka, með stóru effi, heitir reyndar Helga og er föðursystir Helgu Margrétar.

„Pabbi er yngstur og hún elst. Hún var komin með mann og farin að byggja þegar pabbi var á unglingsaldri, að byrja að slá sér upp með mömmu. Frænka og Lilli eiga engin börn. Þau bjuggu í næstu götu við okkur, svo að ef mér leist ekki á matinn heima hljóp ég bara yfir. Ef enginn var mættur til Frænku og Lilla til að gista á laugardagskvöldi hringdu þau bara til að spyrja hver okkar systranna ætlaði að koma yfir. Þetta var algjört dekur. Svo vorum við krakkarnir að leika okkur niðri á höfn, að finna lífsförunauta fyrir villikettina og gifta þá með mikilli viðhöfn. Þetta var þvífkt frelsi og bara algjörlega frábært,“ segir Helga Margrét og brosir.

Tónlistaráhuginn var þó enn sterkari en áhuginn á tilhugalífi villikatta og Helga Margrét var byrjuð í tónlistarskóla þegar hún var um fimm ára gömul. „Ég byrjaði á fiðlu og mætti í tónlistarskólann með mömmu annan daginn og Frænku hinn daginn í vikunni. Ég man vel að það var alltaf spílatími á föstudögum – það var nefnilega alltaf ristað brauð og kakó í leikskólanum þegar ég þurfti að fara,“ segir hún og hlær. „Ég náði bara rétt að taka bita af ristuðu brauði og hella í mig kakói og svo hljóp ég í spílatíma. En það var allt í lagi, mér fannst svo rosalega gaman,“ segir hún.

Horft undan flyglinum

Fimm ára gömul hóf Helga Margrét líka píanónám. „Mig

langaði líka svo að læra á það en vildi alls ekki sleppa fiðlunni,“ útskýrir hún og gengst fúslega við því að hafa verið ansi ákveðið barn. „Já, já, ég vissi sko alveg hvað ég vildi,“ segir hún brosiandi. „En mamma er náttúrulega tónmenntakennari og frá því að ég man eftir mér var hún að kenna og að stjórna kórum. Ég fór með á kóræfingar – mér fannst alveg æðislegt að sjá allt þetta fólk og mömmu að stýra þessu öllu,“ segir Helga Margrét.

„Aðalminningin mín er frá einhverju kvöldi sem mamma var að fara á kóræfingu og ég vildi endilega koma með. Mamma sagði að ég yrði þá að flýta mér. Ég gerði það og sagði henni ekkert hvað mig vantaði að pissa – ég var hrædd um að missa af æfingunni. Svo ég fór með. Sigga Ragnars spilaði á flygilinn og ég var von að sitja undir flyglinum og horfa og hlusta. Svo ég sat þar og kreisti saman fæturna. Mamma spurði hvort að ég þyrfti kannski að pissa og ég sagði að júúú, kannski. Hún sagði mér að hlaupa bara þessi þrjú skref heim, en ég vildi ekki missa af neinu og fór ekki neitt. Það var ekki fyrr en Sigga sagði „Margrét, ég held hún Helga sé að pissa á sig,“ sem mamma greip mig, hljóp með mig í næstu íbúð og spurði hvort ég mætti pissa hjá íbúnum. Hún stoppaði bara kóræfinguna á meðan,“ segir Helga Margrét.

Hún á því ekki langt að sækja tónlistarástríðuna – eða þá list að halda mörgum boltum á lofti í einu. „Ég hef alltaf haft gaman af þessu og vildi þetta strax. Þegar ég var lítill var mamma að kenna tónmennt í Súðavík, kenna við tónlistarskólann, stjórna Sunnukórnum og Hlífarkórnum og fleira. Hún var alveg á kafi og ég er alin upp við að hafa nóg að gera og hafa gaman af því,“ segir Helga Margrét.

Ekki nauðsynlegt að byrja snemma í söng

Söngnámið hóf Helga Margrét á unglingsaldri – og kannski helst til snemma, segir hún. „Maður á ekkert endilega að byrja að æfa söng voðalega snemma. Það þarf að bíða eftir því að kroppurinn þroskist og allt sé tilbúið. Maður getur ekki farið út í búð og keypt sér fullbúinn líkama eins og maður kaupir sér fiðlu,“ segir hún og brosir. „Ég byrjaði í söng þegar ég var í sjöunda eða áttunda bekk, hjá Ingunni Ósk Sturludóttur. Mér leið rosalega vel hjá henni, hún tók svo vel á móti mér og passaði upp á mig. Það var nú eins með Siggu, sem var píanó-kennarinn minn, hún var bara eins og önnur mamma. Lengi vel var hún bara með fáa nemendur og við vorum eins og ungarnir hennar. Inni í tónlistarskóla var maður undir einhverjum verndar-



„Mér fi
ég svo hep

innst
pin“

væng,“ segir Helga Margrét.

Par undi hún sér vel og leiddist í sumarfríum, þegar tónlistarskólinn lokaði. Þegar grunnskóla lauk lá leiðin í MÍ, frekar af skyldurækni en miklum áhuga. „Þetta gekk svo sem allt voðalega vel. Ég er mjög góður námsmaður, ég veit það alveg, og fékk háar einkunnir til að byrja með, en ég var bara með hugann við annað. Ég vildi bara búa niðri í tónlistarskóla. Ég var í krefjandi námi í tónlistarskólanum og hefði viljað gera enn meira í því; taka meiri tónlistarsögu og tónfræði, til dæmis, en það eru nú bara ákveðið margir tímar í sólarhringnum. Ég var í menntaskólanum af því að ég varð að gera það. Það var alltaf sagt að það yrði ekkert úr manni ef maður væri ekki með stúdentspróf,“ útskýrir Helga Margrét. „Já, og svo varð ég ólétt!“

Heima að læra í fæðingarorlofi

Menntaskólanáminu lauk þó ekki þó að Helga Margrét hefði eignast barn – dótturina Margréti Báru. „Nei, nei, ég hætti ekkert í skólanum. Þegar ég var nýbúin að fæða og lá á fæðingardeildinni fékk ég sms frá enskukennaranum mínum um að ég mætti sleppa enskuprofinu sem ég átti að fara í daginn eftir,“ segir hún og brosir. „Ég hélt bara áfram og tók allt sem ég átti að taka, nema þessa tvo þýskuáfanga sem mig vantar upp á stúdentsprófið! Þýskan gleymdist einhvern veginn...“ segir hún.

„Ég fékk bara svolítið góðan tíma í allt, var heima að dunda mér með stelpunni og tók mér smá tíma í lærdóm. Ég var mjög heppin, ég held að það séu alls ekki allar ungar mömmur sem fá svona góðan tíma heima með barninu sínu. Biggi, kærastinn minn, var að vinna svo ég gat bara verið heima í litlu íbúðinni með litla barnið,“ segir Helga Margrét.

Aftur var það þó tónlistaráhuginn sem var aðaldrifkrafturinn. „Ég vissi nefnilega að mig langaði í tónlist og ég vissi ekki hvort það myndi stoppa mig að vera ekki með stúdentspróf. Þess vegna hélt ég áfram. Mér fannst það hundleiðinlegt, en það er aldrei allt skemmtilegt sem maður þarf að gera. Og svo hafði ég Margréti, hún var skemmtileg! Ég las skólabækurnar og svo gat ég alltaf litið á hana og þá var gaman. Þetta gekk bara ótrúlega vel,“ segir Helga Margrét. Hún hringdi reyndar nýlega í nokkra skóla á höfuðborgarsvæðinu sem bjóða upp á listnámsbrautir til að kanna hvort hún gæti ekki fengið menntaskólanám sitt metið inn þar – þar sem ekki þarf þriðja tungumál – og fengið langþráð stúdentspróf í hendurnar. „Þeir

hlógu nú bara að mér, skildu ekki hvað ég var að þæla í þessu á þriðja ári í háskóla! En þetta situr eitthvað í mér. Einhvern tíma mun ég klára þetta!“ segir hún.

Öðruvísi háskólanemi

Helga Margrét er, sem áður segir, á þriðja ári í söngnámi við Listaháskóla Íslands og ætti eðli málsins samkvæmt að útskrifast með bachelor-gráðu nú í vor. Það er þó ekki stefnan. „Ég ætla að fresta honum um ár. Ég er að skrifa ritgerðina og er með allar einingar, en ef ég útskrifast núna er ég búin að loka fyrir ákveðnar dyr – þá má ég ekki lengur taka þátt í keppnum fyrir unga söngnemendur. Ég er nefnilega ung, sko,“ segir hún og hlær við. Hvað nákvæmlega hún tekur sér fyrir hendur á þessu aukaári er ekki alveg ákveðið, en því verður þó aðallega varið í æfingar, keppnir, og loks Bachelor-tónleika.

Námsárin í LHÍ segir hún hafa verið frábært í alla staði. „Heima átti ég náttúrulega vini í tónlistarskólanum sem hafði sömu áhugamál og ég, en svo átti ég líka stóran vinkvennahóp þar sem áhugasviðið var breitt og ég gat ekkert verið að tala endalaust um hvað ég var að gera. Niðri í Listaháskóla eru eiginlega allir með nákvæmlega sömu áhugamál og ég – það er aði!“ segir hún glöð.

Námið var þó langt því frá auðvelt og þá sérstaklega fyrst. „Ég hafði ekki náð að taka alla áfangana sem ég þurfti heima. Ég hafði lært einhverja tónfræði en var ekki komin í hljómfæði og ekki búin að taka neina tónlistarsögu. Sem betur fer liggur þetta rosalega vel fyrir mér, svo ég vann það alveg upp. Þegar ég fékk bréfið um að ég væri komin inn í skólann stóð líka að ég yrði að mæta á sumarnámskeið, því ég kolféll næstum því á bóklegu inntökuprófunum. En ég bjó á Ísafirði og var með vinnu þar, svo ég gerði ekkert í þessu um sumarið. Ég mætti bara í skólann um haustið og lærði þetta. Ef maður hefur nógu mikinn áhuga á einhverju þá gerir maður það bara,“ segir Helga Margrét.

Söngurinn er þó ekki síður krefjandi að því leyti að hann krefst stöðugra æfinga – og þess að hljóðfærið sé vel stemmt. „Ef maður er ekki 100% hress, sama hvort það er í höfðinu á manni eða eitthvað sem fúnkerar ekki alveg í líkamanum, þá nær maður ekki að skila sínu. Maður verður bara að vera með sitt í lagi. Það þýðir ekkert bull og rugl, einhver drykkja og djamm. Háskólanámið mitt er ekki beint eins og hinna háskólanemanna – ég er ekki beinlínis mikið í vísindaferðum,“ segir Helga Margrét og hlær. „Og svo er aldrei frí; ég er aldrei í sumarfrí eða páskafrí eða jólafrí, ég þarf alltaf að æfa

mig. Maður er aldrei „búinn“. En það er líka það skemmtilega,“ bætir hún við.

Hæstánægð með Hinsegin kórnum

Á síðasta ári bauðst Helgu Margréti að gerast kórstjóri nýstofnaðs kórs Samtakanna '78, Hinsegin kórsins.

„Ég ætlaði ekkert að fara að bæta við mig verkefnum. Tvisvar í viku aðstoða ég Gunnstein Ólafsson, kennarann minn í Listaháskólanum, með kór Háskóla Íslands. Svo er ég í einkatímum hjá honum líka, í skólanum og að kenna söng, svo ég var alls ekki að leita mér að meiri vinnu. Þau sögðust hins vegar hafa heyrt af mér og buðu mér að koma í starfsviðtal. Maður neitar því ekki! Í starfsviðtalinu var ég svo spurð af hverju ég vildi þetta starf, og ég hugsaði að þetta hlyti að vera ótrúlega skemmtilegt og spennandi og gaman. Ég tengi Samtökin '78 bara við gleði og sjálfstæða einstaklinga og fólk sem hefur mikið fram að færa. Viku seinna var mér sagt að ég hefði fengið starfið og mér fannst það bara frábært! Það er aldrei slæmt að fá vinnu,“ segir hún brosandí.

Kórstarfið segir hún hafa gefið henni ótrúlega mikið og jafnvel neytt hana til að brjóta upp gömul mynstur innan klassísku tónlistarinnar. „Ég mætti á fyrstu æfinguna og var fljót að sjá að þetta umhverfi er eitthvað allt annað en ég er vön. Ég gat ekki lengur sagt „allir strákarnir í tenórnum“ af því að það er kvenmaður í tenórnum. Og ég gat ekki sagt „allar þið stelpur í altinni“ því það er karlmaður í altinni. En hann hafði reyndar bara orðið karlmaður helgina áður en ég kom til starfa,“ segir Helga Margrét og brosir. „Ég þurfti að temja mér nýtt orðalag og átta mig á þessu staðlaða kynjamáli. Það breyttist bara allt! Klassísk tónlist getur stundum verið svo ferköntuð,“ segir hún, hæstánægð.

Henni finnst það sem framundan er ekki síður spennandi. „Það er búið að vera ótrúlega gaman að fá að sjá framfarimar og fylgjast með þeim. Það sem mér finnst mest spennandi núna er að fá að fylgjast með einum söngnemenda minna. Hann er transkarlmaður og er í kórnum. Hann er bara að fara að byrja í hormónamedferð á næstu dögum. Ég er búin að fá að heyrna röddina sem hann fæðist með, sem kvenmaður, og nú er komið að hormónamedferð og þá fæ ég að fylgjast með öllu sem gerist í röddinni samhliða henni – auk alls hins; tilfinninganna og kvíðans sem fylgir þessu eðlilega. Hann veit að röddin mun breytast. Þetta er manneskja sem elskar að syngja og elskar tónlist og allt í einu

veit hann ekki hvort hann mun geta verið áfram í kór eða einu sinni haldið lagi! Mér finnst þetta svo spennandi og mér finnst ég svo heppin að hann vilji leyfa mér að fylgjast með þessari þróun og taka þátt í þessu með sér. Ég hef meira að segja fengið að skrifa niður á miða spurningar fyrir hormónalækninn,“ segir Helga Margrét.

Til Færeyja og út í heim

Helga Margrét segist stundum spurð að því af hverju hún sé að vasast í þessu kórstarfi, þar sem hún sé sjálf söngkona. „Mér finnst ég nú bara svara því með því að standa fyrir framan þennan hóp og sjá þau öll brosa; þau eru svo ánægð og stolt af vinnunni sem þau leggja í þetta. Þess vegna geri ég þetta. Jú, ég er söngkona og það er framtíðin mín, en það verður seint sem ég hætti einhverju svona!“ segir hún ákveðin. „Það sem er einstakt við þennan hóp er hvað þau eru skilningsrík og þolinmód gagnvart öllu í persónum hinna, gleðin og virðingin. Þau gefa öllum séns. Ég hef lært svo margt af þeim,“ bætir hún við.

Þar að auki segir hún kórstarfið ágætis mótefni við á stundum einmanalegu söngkonulífinu. „Sérstaklega af því að þar er maður svo mikið að vinna með eigin líkama og ef einhver vandamál koma upp háflamast maður bara,“ segir Helga Margrét, sem lenti sjálf í slíku vandamáli nú í vetur. „Ég gat ekki sungið annartónleikana mína í desember og það vissi enginn hvað var að; ég er búin að vera að fá sprautur í tungurótina og þurfti að mæta upp á spítala á hverjum degi til að fá innöndun og ég veit ekki hvað og hvað. Svo kom Kristinn Sigmundsson, stórsöngvarinn okkar, sem er gestakennari í Listaháskólanum og greindi mig á staðnum með bakflæði - eftir allar þessar sprautur og allan þennan grát og gnístran tanna!“, segir Helga Margrét og hristir höfuðið. „Ef minnsta sýra kemst upp í hálsinn ertir hún ákveðinn stað á raddböndunum sem ná þá ekki að slá saman fyrir vikið,“ bætir hún við til útskýringar.

Næsta vetri verður varið í söngkeppnir, nám og væntanlega inntökupróf í söngskóla á erlendri grundu. „Ég ætla að fara í einsöngvarann, óperuna. Ég ætlaði það alls ekki þegar ég byrjaði í skólanum. En það er það sem ég vil og það verður einhvers staðar í útlöndum þar sem það er ekki hægt að taka meistaraþróf í söng hérna á Íslandi. En hvar... það er spurning. Við ætlum allavega til útlanda, litla fjölskyldan,“ segir Helga Margrét og brosir – enda spennandi tímar framundan.

– Sunna Dís Másdóttir.



250 karlmenn komu saman í söng



Sjö karlakórarungu fyrir fullum sal í íþróttahúsinu á Torfnesi á Ísafirði þegar Heklumótíð var haldið á laugardag. Hápunktinum var náð með samsöng kóranna en þá hófu saman upp raust sína 250 karlmenn. „Mótíð gekk hnökralaust og þetta hefði ekki getað verið betra. Húsið kom þokkalega vel út þrátt fyrir að aldrei sé gott að syngja í íþróttahúsum en við náðum að skapa góða umgjörð og hljómburðurinn var eins og best er á kosið í húsi af þessari stærð,“ segir Ólafur Halldórsson í Karlakórnum Erni sem hélt mótíð. „Við vorum líka mjög ánægðir með aðsóknina en við fengum húsfylli,“ bætir Ólafur við.

Á mótinu bar hæst að frumflutt var lag eftir ísfrska tónskáldið Jón Ásgeirsson við kvæði Kristjáns Jónssonar Fjallaskálds, Norður við heimskaut, og vakti flutningur þess mikla hrifningu. Tónskáldið lét þau orð fylgja laginu að það væri gjöf Ísfríðings til Ísfríðinga.

thelma@bb.is



REYKHÓLAHREPPUR

Auglýsing um deiliskipulag smábátahafnar í Flatey

Tillaga að deiliskipulag fyrir smábátahöfn við Innstapoll í Flatey var auglýst skv. skipulagslögum nr. 73/1997 frá 15.apríl með athugasemdafresti til 28.maí 2010. Ein athugasemd barst um fornleifar og með tilliti til hennar var farið í fornleifaskráningu á svæðinu.

Á fundi hreppsnefndar 12.maí 2011 var deiliskipulagið samþykkt og er niðurstaðan hér með auglýst skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulag íbúðarhúsasvæðis 1, sem var staðfest af umhverfisráðherra 8.janúar 1996 er felld úr gildi með gildistöku þessa deiliskipulags. Kærufrest er skv. 52.gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Deiliskipulagsuppdráttur með greinargerð munu vera til sýnis á heimasíðu sveitarfélagsins www.reykholar.is.

Reykhólar 17.apríl 2012

Bogi Kristinsson Magnúsen
Skipulags og byggingafulltrúi

Spurningin

Ætlar þú að ferðast innanlands í sumar?

Alls svöruðu 615.

Já sögðu 441 eða 72%

Nei sögðu 101 eða 16%

Óvíst sögðu 73 eða 12%

Netspurningin er birt viku-lega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Snýst í suðvestanátt. Lítilsháttar væta vestanlands, annars þurr og bjart veður. Heldur hlýnandi.

Horfur á laugardag:

Suðlæg eða breytileg átt, vætusamt og mild veður.

Horfur á sunnudag:

Líkur á norðanátt með eljum norðan- og austanlands. Kólnandi veður.

Ritstjórnargrein

Fíllinn í stofunni

Á viðskiptaþingi Viðskiptaráðs Íslands, sem haldið var um miðjan febrúar, komst Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, meðal annars svo að orði að gjaldmiðill okkar Íslendinga væri eins og fíll, sem sæti í leðurstól í stofu á venjulegu heimili en enginn þyrði að reka hann út þótt hann væri öllum til óþurftar.

Ef til vill var þunginn í orðum forstjóra þessa öflugra fyrirtækis hvað mestur er hann sagði að krónan, (gjaldmiðill þjóðar að höfðatölu til jafns við frekar lítinn bæ í útlöndum) gerði það að verkum að mikið fjármagn færðist til á milli fólks í síendurteknum kollsteypum, þar sem allt veltur á því að menn séu á réttum stað, til að auðgast, þegar ósköpin dýnja yfir. „Þetta gengur ekki, svo einfalt er það,“ sagði Jón. Hann kvadst hafa tekið lán til að kaupa sína fyrstu íbúð, ungur að árum, en vissi vart hver greiddi lánið á tímum verðbólgu, allt að eða yfir 80%. Nú kveðst hann hins vegar vera búinn að borga húsið sitt einu sinni og sé farinn að borga það aftur. Kunnugleg lýsing á aðstæðum verulegs hluta þjóðarinnar.

Afstaða forstjóra Össurar til gjaldmiðilsins, gömlu handhægu krónunnar, sem íslensk stjórnvöld nýttu sér áratugum saman sem eins konar töfraspotta til að gagnast undirstöðuáttvinnuvegi þjóðarinnar, í reglubundnum erfiðleikum, með peningaprentun í formi

gegnisfellinga, er skýr: „Með því að halda í krónuna erum við að ákveða að við verðum þjóð sem lifir eingöngu á náttúruauðlindum okkar og engu öðru. Við erum í raun með tvo gjaldmiðla í landinu. Annars vegar fær fólk borgað í óverðtrygðum krónum en þarf síðan að borga verðtryggðar krónum af lánnum í húsunum sínum.“ Töfraspottinn gagnadist ekki almenningi.

Fyrsti maí, alþjóðlegur frídagur verkamanna, er fram undan. Forusta íslenskrar verkalýðshreyfingar hefur ekki farið varhluta þeirrar vægðarlausu gagnrýni sem vaðið hefur uppi í samfélaginu í kjölfar hrunsins. Hvað þetta varðar á við hið fornkvæðna, að auðveldara er um að tala en í að komast. Vandí fjölda skjólstæðinga verkalýðshreyfingarinnar er mikill og erfiður úrlausnar líkt og hjá mörgum öðrum. Stærsti, uppsafnaði vandinn er þó ef til vill sá að allar götur frá því við öðluðumst sjálfstæði höfum við lifað að háttum gullgrafara og veiðimanna; afli dagsins réði öllum gjörðum; aldrei horft til morgundagsins. Og á því er engin breyting.

Verkalýðshreyfingin þarf á því að halda að horft sé til framtíðar. Við getum ekki endalaust búið við þær aðstæður, að vera á réttum stað í hvert sinn sem ósköpin dýnja yfir.

Þarf ekki með einhverjum hætti að stugga við fíllnum? *s.h.*

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólögötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. · Guðmundur Björn Þorbjörnsson, sími 692 8686, guðmundur@bb.is. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. **Abyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið m. vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

„Ég nota mínar Aukakrónur í bensín“

Næstum 30 þúsund manns nota Aukakrónur til að kaupa allt frá matvælum til trygginga hjá tæplega 300 fyrirtækjum um land allt. Byrjaðu að safna Aukakrónum strax í dag.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



„Sjávarútvegurinn hér verður að skila arðsemi“

Fyrir skömmu sagði Þóroddur Bjarnason, prófessor í félagsfræði og stjórnarformaður Bygðastofnunar, í fjölmiðlum að byggð gæti lognast út af á Vestfjörðum á næstu 30 árum yrði svæðið ekki eflt og samgöngur lagaðar. BB spjallaði við Neil Shiran K. Þórisson, framkvæmdastjóra hjá Atvest, um atvinnulífið og framtíðina á Vestfjörðum

Hagstjórn

„Móðir mín er frá Sri Lanka og faðir minn er Ísafirðingur. Þau störfuðu bæði fyrir Sameinuðu þjóðirnar á sínum tíma og kynntust þar. Pabbi vann sem fiskveiðiráðgjafi og fyrstu árin eftir að ég fæddist bjuggum við á Sri Lanka og Indlandi. Þegar faðir minn hætti að vinna fyrir Sameinuðu þjóðirnar fluttumst við hingað á Ísafjörð, þá var ég sex eða sjö ára. Pabbi fór í útgerð en mamma byrjaði í fiskvinnslu en fór svo að mennta sig meira og er enn að. Hún er að ljúka doktorsprófi í ensku og er kennari á Höfn þar sem þau búa í dag. Sjálfur hef ég verið hér fyrir utan þann tíma sem ég var í háskólanámi,“ segir Shiran.

„Ég kláraði BS viðskiptafræði en hef síðan bætt við mig framhaldsnámi í alþjóðaviðskiptum og lauk nýlega einnig við PGC-gráðu í hagstjórnun. Ég hef mikinn áhuga á hagstjórnun og hvernig má örva svæði eins og þetta hérna. Fljótlega eftir viðskiptafræðina bauðst mér starf hér hjá Atvest og vann hér í tvö ár. Þá ákvað ég að fylgja áhuga-verðu verkefni út úr félaginu og efla það en því miður gekk það ekki sem skyldi. Eftir þá tilraun sneri ég aftur hingað í Atvest og hef núna verið hér í næstum átta ár.“

Kræklingarækt

- Hvað gerir Atvest?

„Íhnotskurn erum við að reyna umbreyta hugmyndum yfir í verðmæti. Við vinnum með einstaklingum og fyrirtækjum og byrjum á að rannsaka verkefni sem við fáum inn á borð til okkar ofan í kjöllinn. Við fáumst við greiningar og stefnumótunarvinnu með sveitarfélögum og vinnum að tækifærum sem koma út úr slíkri vinnu. Eins höldum við utan um klasaverkefni sem eru þá mynduð út frá fyrirtækjum í líkri atvinnustarfsemi. Þau snú-

ast þá um að leysa viðfangsefni sem tengjast rekstri þeirra og atvinnuuppbyggingu. Dæmi um slíkt er hvernig er nú verið að reyna að þróa kræklingarækt hér á Vestfjörðum og hvernig stærstu sjávarútvegsfyrirtæki svæðisins vinna saman í sjávarútvegsklasa Vestfjarða. Í kræklingaklasanum eru fimm fyrirtæki að vinna saman í að takast á við ólík verkefni, til dæmis að fá betri upplýsingar um ræktunaraðstæður í hafinu, ræktunartækni og annað sem kemur við ræktun kræklinga. Minn þáttur felst þá í að finna fjármagn fyrir slík verkefni og vinna að markaðsgreiningu og markaðsþróun fyrir krækling í samstarfi við fyrirtækin í klasanum.“

Aðspurður hvort Atvest geti fjármagnað verkefni upp á eigin spýtur, svarar Shiran: „Ekki beint, en Atvest er með samning við Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Vaxtarsamning Vestfjarða. Samkvæmt þeim samningi lætur ráðuneytið okkur í té 27 milljónir árlega í verkefnafé sem á að renna til fyrirtækja og verkefna sem geta aukið samkeppnishæfni og atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Þannig að ef fólk og fyrirtæki eru með verkefni getum við hjálpað til út frá því. Við höfum lagt megináherslu á að styðja við klasaþróun annarsvegar í menningartengdri ferðaþjónustu þar sem vöxtur er fyrirsjáanlegur og hinsvegar klasaþróunarverkefni í sjávarútvegi sem er hryggjastykkið í atvinnulífinu hérna. En við útilokum í sjálfu sér ekkert og tökum þátt í þeim nýsköpunarverkefnum sem okkur þykja áhugaverð og uppfylla þær kröfur og skilyrði sem við setjum. Það er hluti af okkar starfi að vera viðsýn gagnvart þeim sem vilja framkvæma verkefni sem efla geta svæðið.“

Útflutningstekjur

„Þótt við höfum lagt áherslu á sjávarútveg og menningartengda ferðaþjónustu er hluti af stefnu okkar að auka fjölbreytni í atvinnulífi svæðisins og koma auga á ný sóknarfæri. En við teljum helstu sóknarfærin liggja í kringum náttúruauðlindina og svo í stórbrotinni náttúrufegurð svæðisins. Verslun og þjónusta mun ekki geta vaxið, án þess að eitt-hvað annað vaxi við hliðina. Okkar markmið í þessum vaxtarverkefnum er því að búa til verk-

efni sem skapa útflutningstekjur og ný störf á þessum áherslusviðum, sem svo geta haft margfeldisáhrif inn í aðrar þjónustugreinar,“ segir Shiran.

„Djúpu firðirmir og hafid hér í kring eru okkar helsta auðlind og fjölmörg tækifæri í tengslum við hana sem enn eru vannýtt. Til dæmis haftengd ferðaþjónusta og svo nýjungar í sjávareldi. Við sjáum hvað er að gerast í eldi á suðursvæði Vestfjarða. Það eru mikil tækifæri fólgin í matvælaframleiðslu sem byggir á sjávareldi, þá ekki bara á laxi og þorski, heldur einnig þeim tegundum sem geta verið fýsilegar til eldis. En slíkt þarf að rannsaka betur með tilliti til þess að finna okkar syllu sem getur hagnýtt þá sterku og hreinu ímynd sem Vestfirðir hafa upp á að bjóða. Eldisverkefni sem slík þurfa ekki eingöngu að snúast um magn heldur einnig um gæði og ímyndina sem svo ætti að skila herra afurðaverði.“

Strandflutningar?

- Spurður hversvegna hantelji ekki meiri fiskvinnslu á svæðinu, svarar Shiran: „Við höfum verið að greina samkeppnishæfni svæðisins hvað þetta varðar. Okkur virðist ganga verr að ná hagkvæmni út úr vinnslunni meðal annars vegna fjarlægðar frá lykilmörkuðum, flutningskostnaðar og stærðarhagkvæmni. Hugsanlega er svæðið með einingar í vinnslunni sem gætu afkastað meira og stærðarhagkvæmni því ekki eins mikil og hún gæti verið.“

Í dag erum við að flytja 7-10 þúsund tonn af fiski af svæðinu sem svo fer til vinnslu annars staðar. Það eru mikil tækifæri fólgin í því að reyna breyta þessu og finna leiðir til þess að vinna þennan fisk í auknum mæli innan svæðisins. En varðandi flutningskostnaðinn, þá er svolítið sérstakt að það virðist hagkvæmara að flytja hráefni en afurðir frá svæðinu. Ég veit að sjávarútvegsfyrirtækin hafa gagnrýnt þetta og mikilvægt er að skoða ástæður þessa betur. Fákeppnin sem er á flutningamarkaði gerir umræðuna um flutningamálin vandasama,“ segir Shiran.

- Gætu strandflutningar ekki breytt því? „Þeir eru í umræðunni og gætu hafist. En maður veltir fyrir sér hvað myndi þá gerast með landflutninga. Yrði til aukin

samkeppni í stuttan tíma og verð lækkaði? Eða endaði þetta með því að hluti flutninganna yrði óhagkvæmur, til dæmis flutningar með ópolinmóðar neysluvörur, það leiddi svo til herra vöruverðs á svæðinu til skemmri tíma og jafnvel að lokum að samkeppni á flutningsmarkaði minnkaði? Við erum á jaðarsvæði og hér er lítil markaður sem ber líklega ekki mjög mikla samkeppni. Ég er ekki viss um að því fylgi hagkvæmni að vera með tvö landflutningafyrirtæki og eitt strandflutningafyrirtæki til að þjónusta þennan markað. Hugsanlega væri ákjósanlega að tvöfalda upphæðina sem ríkið setur í flutningsjöfnun og með því tryggja að flutningsjöfnun verði virkari og öflugri. Markmiðið með strandflutningum hlýtur að vera að lækka flutningskostnað fyrirtækja. Það er sérstakt að fara tvær leiðir til þess, nota flutningsjöfnunarsjóð og einnig strandflutninga. Í það minnsta verður að skoða langtímaáhrifin af hvoru tveggja.“

Verkefni

- Hvaða verkefnum hefur Atvest tekið þátt í að undanförmu?

„Til dæmis höfum við stutt Kampa í tveimur verkefnum. Í rannsóknnum og greiningum á hvernig hægt er að nýta rækjuskelina í hágæða rækjumjöl. Við hjálpuðum þeim líka í samvinnu við 3X-Stál og Matís að finna leiðir til að bæta hráefnisnýtinguna. Það hefur náðst fram 1-2% betri nýting á vinnslu á rækju úr Djúpinu út frá þessum rannsóknarniðurstöðum sem komu úr samstarfinu. Núna erum við ásamt aðilum innan sjávarútvegsins að skoða ýmiskonar hliðarþjónustur í kringum eldisuppbyggingu og í kringum hliðarafurðir sem falla til hér á svæðinu,“ segir Shiran.

„Atvest kom líka að stofnun Kerecsis á sínum tíma og eins að grunnrannsóknnum og ræktunartækni í kringum kræklingaeldið. Í ferðaþjónustu höfum við til dæmis komið að verkefni sem heitir Vatnavinir Vestfjarða og snýst um að byggja upp ferðaþjónustu í kringum heitar laugar. Eins höfum við nýlega styrkt Borea Adventures og Fisherman í sinni markaðssetningu og komið að uppbyggingu sjóstangveiði í Súðavík og á Suðureyri. Það er líka spennandi kajakaverkefni í gangi og við höfum verið að hjálpa

Markaðsstofu Vestfjarða við að greina tækifæri á erlendum mörkuðum. Eitt verkefni snerist um markaðssetningu og markaðsþróun gagnvart samkynhneigðum markhópum. Það er því fjölbreytt flóra verkefna sem við höfum stutt við,“ segir Shiran.

„Á því tímabili sem vaxtarsamningurinn hefur verið til staðar hefur Atvest og Vaxvest sett um 120-30 milljónir í um hundrad verkefni. Það er erfitt að mæla árangurinn beint í störfum en gróft áætlað höfum við kannski stutt við og skapað um 60 ný störf. Auk þess hafa tímabundið sköf störf við þau verkefni og rannsóknir sem unnin voru vegna styrkjanna.“

Millibilsástand?

Fyrir skömmu sagði Þóroddur Bjarnason, félagsfræðingur og stjórnarformaður Bygðastofnunar að byggð gæti lagst af á Vestfjörðum innan 30 ára ef ekki yrði farið í það að efla svæðið. Sjávarútvegur er í lægð og ferðaþjónustan vex en þó erfitt að sjá hvert Vestfirðir stefna. Hver skoðun Shirans á þessu? „Sem atvinnugrein á Vestfjörðum er sjávarútvegur kjarnaatvinnugrein en hefur verið sveiflukennð vegna viðskiptaumhverfisins. Á undanförmum árum hafa orðið talsverðar fjárfestingar í aflaheimildum sem undir eðlilegum kringumstæðum leiddu til vaxtar í greininni. Að hluta til hefur það tekist og meiri afli er að koma að landi en sífellt meira af honum hefur verið fluttur í burtu óunninn. Vandir okkar er arðsemi sjávarútvegarins hér. Til dæmis skilðu Íslenskir sjávarútvegsfyrirtæki 29 milljörðum í hagnað árið 2009, en vestrisk sjávarútvegsfyrirtæki töpuðu milljarði sama ár. Það er, heilt yfir er sjávarútvegur á Íslandi að ná góðri arðsemi, en ekki hér. Á svæðinu er lítið veitt og unnið af uppsjávarfiski og getur það verið hluti af ástæðunni, enda er mikil framlegð í uppsjávarfiski. En að öðru leyti þarf að rannsaka samkeppnishæfni svæðisins betur,“ segir Shiran.

„Ef við ætlum að vaxa verða fyrirtækin hér að hafa einhverja peninga aflögu til að fjárfesta í rannsóknnum, nýsköpun og þróun. Á meðan atvinnulífið hefur ekki þessa getu er það okkar stærsti hausverkur, burtséð frá fjarlægð markaða og lélegum



samgöngum. Þótt bætt grunngerð og samgöngur myndu að sjálf-sögðu laga margt hérna vantar inn í þá umræðu að fólk skoði betur atvinnulífið sem slíkt og setji það svo í samhengi við það sem Þóroddur hefur verið að tala um.

Til að snúa við atvinnulífinu hér á svæðinu þarf að fjárfesta í fyrirtækjum og störfum sem fyrir ungt og menntað fólk. Einsleitni í atvinnulífinu hér er þegar alltof mikil og nauðsynlegt að fá ungt menntað fólk inn á svæðið til þess að vinna og stofna til fjölskyldu og auðga þar með manna- og svæðisins. Sjávarútvegur er algerlega ráðandi atvinnugrein á svæðinu en ferðaþjónustan ein sú minnsta þótt hún búi til ruðningsáhrif, í verslun og þjónustu. Þessar greinar þurfa ekki mikið af háskólamenntuðu starfsfólki og oft er leitun að fólki til að vinna í þessum greinum. Þessa vöntun hafa fyrirtækin meðal annars fyllt upp í með erlendu verkafólki þar sem erfitt hefur verið að fá innlent starfsfólki í þessi störf. Eftir sem áður er það sjávarútvegur og opinber þjónusta sem heldur svæðisbundna hagkerfinu okkur uppi. Fjölbreytileikinn er ekki meiri og það er vandamál,“ segir Shiran.

„Ef svæðið vill skyndilausn liggur hún sennilega í því að fara að vinna fiskinn sem er fluttur héðan. Það skapaði líklega um 80-90 störf. Spurningin er hvort það séu störf og atvinnuuppbyggingin sem myndi auka fjölbreytileikann hér á svæðinu. Svæðið þarf að laða til sín meira af menntuðu fólki, ungu fólki sem eignast nokkur börn og skýtur rötum vegna þess að því líður vel hérna. Það myndi hjálpa mikið til við þróunina sem Þóroddur hefur bent á.“

Engin byggðastefna

- Hvað með þátt stjórnvalda? Sumir kvarta yfir að þau komi ekki fram af nægri hreinskilni hvað varðar framtíð svæðisins. Aðrir segja þau reka ónýta byggðastefnu. „Það er ekki til neinn byggðastefna sem menn geta gripið til og sagt að þannig ætli þeir sér að bjarga byggð á Vestfjörðum. Það hefur ýmislegt verið gert, til dæmis Vestfjarðaskýrslan, en það eru smáskammtalækningar. Plástur á blæðandi sár.“

- Hugsanlega mætti færa rök fyrir því að úthlutun byggðakvóta sé einhverskonar byggðastefna. En hvernig líst þér skattajöfnun? „Byggðakvótinn afmarkast náttúrliga við sjávarútveg. Mér líst ágætlega á skattajöfnun en á móti kemur að þótt ungur maður eða kona sem horfði til framtíðar sæi að hér væru lægri skattar en annars staðar er líklegt að viðkomandi spyrði sig hvort á svæðinu fái starf við hæfi. Það er lyk-



atriðið, við þurfum umhverfi sem skapar ný tækifæri og ný störf sem eru aðlaðandi fyrir ungt menntað fólk.“

- Viðkomandi gæti dottið í hug að stofna frekar fyrirtæki hér þar sem skattar eru lægri. „Vissulega. Og það yrði frábært ef að fleiri frumkvöðlar og athafnamenn finndu flöt á því að staðsetja sig og sín fyrirtæki hér á Vestfjörðum. Á móti kemur að þá þyrftu þeir kannski að staðsetja sig langt frá lykilmörkuðum og því þyrftu viðskiptaástandur og viðskiptalegir hvatar að vera fyrir hendi á svæðinu sem styddu við slíka ákvörðun um staðsetningu. Við verðum að finna okkur syllu. Til dæmis að verða leiðandi í sjávareldi. Ég tel mikið tækifæri fólgin í því og við eigum að skoða hvernig má nýta firðina betur sem auðlind með sjálfbærni að

leiðarljósi.“

Góð tækifæri

„Við þurfum tíma og að menn séu þolinmóðir, frekar en með samfélagslega fjárfestingu. Okkur vantar þolinmótt hlutafé í fjárfestingar til langs tíma,“ segir Shiran.

„Það er ástæða fyrir því að menn eru að fara í eldi í Arnarfirði og byggja upp vinnslu á Flateyri. Það eru tækifæri hérna og það eru uppi ýmis plön um uppbyggingu. En okkur vantar enn betri tæki og tól til að takast á við framtíðina og flýta fyrir hugmyndum um uppbyggingu. Og við þurfum líka að njóta stuðnings stjórnvalda til að byggja upp verkefni hérna,“ segir Shiran að lokum.

- Huldar Breiðfjörð.



Jóhann Friðgeir heldur til Póllands í byrjun maí.

Jói 701 í tónleikaferð til Póllands

Jóhann Friðgeir Jóhannsson, sem er mörgum kunnur fyrir raftónlist sína, heldur í tónleikaferð til Póllands í byrjun maí. „Ég mun spila í fimm borgum á fimm dögum, þetta verður mikið fjör og mikil keyrsla,“ segir Jóhann. Hann segir að verkefnið hafi borið brátt að og með skemmtilegum hætti. „Það var bara einhver pólskur maður sem hafði samband við mig á netinu. Hann kannaðist við tónlistina mína og fann mig á Facebook.“

Tónlist Jóhanns er að mestu raftónlist, en hann leggur þó mest upp úr því að vinna með þá tónlist sem honum finnst skemmtilegust hverju sinni. Hann segist hafa upp á síðkastið unnið mikið með gítarhljóð og „hávaða“, eins og

hann orðar það. „Ég á það til að fara alla leið úr klassískri músík yfir í harðasta elektró“ segir Jóhann. Um þessar mundir standa yfir sýningar á verkinu Náströnd – Skáldið á Þróm í félagsheimili Súgfirðinga á Suðureyri, en Jóhann sér um alla tónlist í verkinu.

Jóhann hefur starfað sem verslunarstjóri Pennans-Eymundsson á Ísafirði undanfarin ár, en hann hefur sagt starfi sínu lausu og mun nýr verslunarstjóri vera ráðinn von bráðar. Hann segir ákvörðun sína ekki byggjast á því að hann sé að auka við umfang sitt í tónlistinni, þó svo að hún verði áfram til staðar. „Nei ég er nú bara að fara að læra meira, þess vegna læt ég að störfum,“ segir Jóhann.

Hrafnhildur ráðin stöðvarstjóri Póstsins

„Þetta leggst bara vel í mig, en ég er nú vön starfinu að hluta enda hef ég leyst af sem stöðvarstjóri,“ segir Hrafnhildur Samúelsdóttir, sem hefur verið ráðin í starf stöðvarstjóra Póstsins á Ísafirði. Ragnheiður Baldursdóttir hefur gegnt starfinu undanfarin ár, en lætur nú af störfum. Hrafnhildur hefur starfað hjá Póstinum á Ísafirði undanfarin 25 ár.

„Ég kann nú flest af þessu sem ég er að fara að takast á við,“ segir Hrafnhildur, en hún segist kunna vel við sig hjá Póstinum. „Þetta er skemmtilegur vinnustaður og starfið er fjölbreytt.“ Síðustu 10 ár hefur hún starfað sem fulltrúi stöðvarstjóra.

Nokkrir umsækjendur voru um starfið, en Hrafnhildur tekur við starfinu 1. maí.

Nýr verslunarstjóri Eymundsson á Ísafirði

Jóhann Friðgeir Jóhannsson verslunarstjóri Pennans-Eymundsson á Ísafirði lætur af störfum um næstu mánaðarmót. Við starfi hans tekur Guðrún Svava Guðmundsdóttir, en hún þótti hæfust þeirra átta um-

sækjenda sem sóttu um starfið. Guðrún Svava er mannfræðingur að mennt en er einnig með diplómagráðu í alþjóðasamskiptum frá Háskóla Íslands. Guðrún Svava starfaði áður í versluninni Gullauga.



Íslandsbanki býður á Hvað ef? í Edinborgarhúsinu 30. apríl

Yfir 10.000 manns, unglingar, foreldrar og kennarar, hafa séð uppistands- og skemmtifræðslusýninguna Hvað ef? í Þjóðleikhúsinu frá haustinu 2010 og um 20.000 manns frá því hún hóf feril sinn árið 2005.

Mánudaginn 30. apríl verður Hvað ef? sýnd í Edinborgarhúsinu. Unglingum verður boðið á sýninguna á skólatíma en kl. 20.00 verður sérstök sýning fyrir foreldra.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

Misstu ekki af frábærri sýningu sem hefur hlotið fádæma góðar viðtökur og lof áhorfenda og þeirra sem vinna við forvarnir og fræðslu. Með húmorinn og einlægnina að vopni er fjallað um mál eins og vímuefni, áfengi, kynferðisofbeldi, ölvunarakstur, einelti og foreldravandamál.

Starfsfólk Íslandsbanka á Ísafirði óskar ykkur góðrar skemmtunar.

„Þetta var mjög fræðandi og skemmtileg sýning, byrjaði með látum og var bara sprenglægilegt“

Fríða

„Gedveikt fyndið og fræðandi“

Ýmir Örn

„Æðisleg sýning! Jara syngur ótrúlega vell! Mér fannst þetta rosalega góð sýning og mjög fræðandi :) Takk fyrir mig!“

Guðbjörg



Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki



Bjórframleiðsla sett á ís

„Fjármögnun tókst einfaldlega ekki fyrir tilskilinn tíma,“ segir Neil Shiran Þórisson framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, en áætluð framleiðsla á vestfirskum bjór mun ekki eiga sér stað á næstunni eins og búist var við. Fyrirhugað var að hópur áhugamanna um bjórverksmiðju á Ísafirði í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða myndi koma á fót bjórverksmiðju í bænum. Kauptilboð sem gert hafði verið í tækjabúnað fyrri bjórverksmiðju á Snæfellsnesi hafði verið samþykkt af Bygðastofnun, sem keypti tækjabúnaðinn af þrotabúi. Bygðastofnun gaf hinsvegar samstarfshópnum þrjár vikur til að fjármagna kaupin og að sögn Shirans reyndist það of knappur tími.

„Við vorum komnir með meirihlutann af kostnaðinum upp í kaupin og það vantaði í raun aðeins herslumuninn,“ segir Shiran, en hann útlókar þó ekki að hópurinn taki höndum saman í framtíðinni og festi kaup á öðrum tækjabúnaði, þó það hafi ekki gengið í þetta skipti.

– gudmundur@bb.is



Skrifað undir kaupin á samningnum.

Edinborgarhúsið: Skrifuð undir samning

Eignarhaldsfélagið Sveita-sæla, sem er í eigu bræðrana Sigurðar Arnfjörð og Guðmundar Helgasonar á Hótel Núpi í Dýrafirði, hefur keypt leigu-

samning um veitingahluta Edinborgarhússins á Ísafirði af Vestfirskum verktökum. Fyrri rekendur staðarins hafa að undanförunni unnið að því að

tæma rýmið, sem rekið hefur verið undir merkjum Vestur-slóðar.

Að sögn Hermanns Þorsteinsonar hjá Vestfirskum verktök-

smáar

Til leigu er einbýlishúsið Árbakki í Hnífsdal. Húsið er tæplega 130m², nýstandsett og snyrtilegt að innan. Leigist frá 1. maí. Leiguverð er kr. 70 þús. á mán. Upplýs. í síma 861 1056.

Til leigu er 100m² verkstæði / atvinnuhúsnæði að Árbakka í Hnífsdal. Lágur kyndingarkostnaður með varmadælu. Leigist frá 15. maí. Leiguverð kr. 75 þús. á mánuði. Uppl. í síma 861 1056.

Flóamarkaður Róta verður haldinn í Edinborgarhúsinu laugardaginn 12. maí kl. 14-17. Söluborðapantanir í síma 866 5316 (Dagný). Verð 800 kr.

um eru báðir aðilar mjög sáttir við kaupverðið, sem er trúnaðarmál. gudmundur@bb.is

Leggjast gegn sumarlokun leikskóla

Foreldrafélög og foreldraráð leikskólanna Sólborgar og Eyrarskjóls á Ísafirði hafa tekið höndum saman og komið á framfæri við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar mótmælum sínum varðandi fyrirhugaða lokun leikskólanna vegna sumarleyfa starfsfólks. Bæjarstjórnin ákvað að leikskólarnir yrðu í ár lokaðir í fimm vikur í stað fjögurra eins og venja hefur verið og hafa foreldrafélögin og ráðin sent frá sér ályktun vegna þess. Ísafjarðarbær telur að áætluð kostnaðarlækkun vegna sumarlokunar leikskólanna verði um 5,5 milljónir króna. Ljóst er að foreldrar og forráðamenn barnanna eru ekki sáttir við þessa ákvörðun.

Í ályktuninni kemur fram að foreldrar og forráðamenn barn-

anna þurfa að taka sér fimm vikna frí vegna lokunarinnar. Ofan á þetta sumarfrí leggjast einnig fimm starfsdagar og einn námskeiðsdagur, sem dreifast yfir árið. Að þeirra sögn eru fáir foreldrar leikskólabarna sem eiga inni svo langt frí eða um 30 sumarfrisdaga og þurfa þeir því að taka sér launalaust orlof vegna þeirra daga sem leikskólinn er lokaður eftir að sumarfrisdagarnir eru búnir.

Sitthvað er tiltekið í ályktuninni, svo sem hvort Ísafjarðarbær geti ekki staðið betur að málum og að sveitarfélagið rúki ein hæstu leikskólagjöld á landinu og eigi því að geta komið til móts við foreldra og forráðamenn.

gudmundur@bb.is



Leikskólinn Eyrarskjól á Ísafirði.

Haust í efnahagslífi

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Síðast var vísað í vorið og þær væntingar sem það og nálgun þess gjarnan hefur á fólk. Þegar lítið er á efnahagslíf Íslendinga er ekki vorlegt um að lítast. Ekkert er að gerast í því að bygga upp atvinnu til framtíðar. Þvert á móti hefur öllum tækifærum til þess að fá erlent fé til landsins og nýta orkuauðlindir Íslands verið hafnað af ríkjandi stjórnmalá mönnum, sem bæði lofuðu norrænu velferðarríki og mikilli siðbót. Siðbótin felst í því að hafa fyrir börnum og fullorðnum háttalag og samskipti á Alþingi sem er þannig að ef eitthvað væri að marka Ríkis(stjórnar)útvarpið væri slíkt bannað ef um kvikmyndir til sýningar fyrir almenning væri að ræða. En meðan handknattleikur Íslendinga er sýndur í lokaðari dagskrá, eru svívirðingar, dónaskapur og orðbragð sem hvergi þykir við hæfi sýnt í beinni á Ríkis(stjórnar)sjónvarpinu.

Kannski er það afleiðing hrunsins, sem oft er fjallað um á þessum vettvangi, að venjulegt fólk sé að hverfa úr mannlífsflórinni og siðbót því ekki lengur talin nauðsynleg þótt hún hafi verið kosningaloforð ríkisstjórnarflokkanna. Það er rétt að taka fram að þeir eru nefndir sérstaklega hér vegna þess að þeir hafa töglin og hagldirnar í stjórnmála- og efnahagslífi Íslendinga um þessar mundir. Aldrei hefur þótt sérstök ástæða til að sparka í þann hundinn sem er gagnslaus.

Verst af öllu er þó aðför að sjávarútvegi Íslendinga, sem mun bitna af sérstökum þunga á Vestfirðingum verði þessar skelfilegu tillögur, sem þingkonur ríkisstjórnarflokkanna á Vestfjörðum stýdja báðar af heilum hug, að veruleika. Hvert skyldi vera samband þeirra við atvinnulífið á Vestfjörðum. Það er ekki dregið í efa að þær telji sig gera gagn. Flestir sjá þó mikil hættumerki á lofti. Í málflutningi ríkisstjórnarinnar rekst hvað á annars horn. Ekki má virkja til að nýta möguleika vatnsaflsins. Þar fer umhverfisráðherra vinstri grænna fyrir og hlustar ekki á bæjarfulltrúa Samfylkingar á Suðurlandi sem hafa aðra skoðun. Hins vegar skrifar leiðtogi ríkisstjórnarinnar farandi fyrir Vinstri grænum greinar í blöð um ferðaþjónustu og hve allt gangi vel í efnahagslífi Íslendinga af þeim sökum.

Meira en milljón ferðamanna mun sækja Ísland heim á þessu ári. Vissulega eru störf í ferðaþjónustu vel þegin og betri en engin, þótt lágláunastörf séu. Vita ráðherrarnir ekki hvað það þýðir fyrir náttúru Íslands að 15 þúsund ferðamenn komi á hverjum degi? Átroðningurinn hefur meiri áhrif til skaða en virkjanir að mati margra sérfræðinga. Það er hundsáð líkt og allt sem gæti lyft efnahag þjóðarinnar. Efnahagshaustið er orðið langt og ekkert framundan annað en harður vetur.

Vestfirðingur fyrst með Titanic

Álftfirðingurinn Bjarni Guðmundur Ásgeirsson, var meðal þeirra sem er skemmtiferðaskipið Titanic fyrst. „Þrátt fyrir landfræðilega einangrun hafa Íslendingar gjarnan verið víðförlir og hafa Vestfirðingar þar verið engin undantekning. Nægir að nefna Álftfirðinginn Jón Ólafsson Indíafara (1593-1679) í því sambandi. Í tefni af því að síðasta á sunnudag, þann 15. apríl, voru 100 ár síðan risaskipið Titanic fyrst eftir árekstur við borgarísjaka, svo sem víðfrægt er orðið af bókum og kvikmyndum er ástæða til að rifja það upp að þar kom einnig við sögu sveitungi Jóns Indíafara, Bjarni Guðmundur Ásgeirsson frá Kleifum í Seyðisfirði, fæddur 4. ágúst 1870 og því 41 árs að aldri þegar hann fórst,“ segir Ólafur Hannibalsson ritari Djúpmannatala.

Að sögn Ólafs er um Bjarna nú nánast ekkert vitað utan tvær línur í Djúpmannatali, þar sem fram kemur að hann hafi ungur farið í siglingar, verið lærður stýrimaður og skipstjóri á Indíafari. Geta má þess sér til að hann hafi verið í áhöfn Titanic fremur en farþegi, en um það verður

engu slegið föstu að svo stöddu.

Ólafur Hannibalsson hefur beðið BB að grennslast eftir því meðal lesenda sinna, hvort einhverjir nákomnir ættingjar Bjarna séu þar á meðal og þá hvort þeir búi yfir einhverri frekari vitneskju um ævi og örlög Bjarna. Bjarni var yngstur ellefu barna Ásgeirs Magnússonar bónda á Kleifum í Seyðisfirði, áður í Kálfavík og á Hvítanesi og konu hans Rannveigar Ólafsdóttur frá Skjaldfönn. Ásgeir var fæddur á Eyri í Seyðisfirði 1828, sonur síra Magnúsar Þórðarsonar prests í Ögurþingum og er frá honum mikil ætt nafnkunnra manna og kvenna. Meðal systkina Bjarna Guðmundar var Arnfríður húsfreyja á Ísafirði, kona Sturlu Friðriks Jónssonar skipstjóra á Ísafirði. Arnfríður lést í Reykjavík 1940. Bróðir Bjarna var Magnús læknir á Þingeyri, faðir Ásgeirs vélstjóra í Reykjavík.

Ólafur Hannibalsson er nú að leggja síðustu hönd á verk, sem fengið hefur nafnið Djúpmannatal og inniheldur æviskrár þeirra sem haldið hafa heimili í innhreppum Djúpsins frá manntalinu 1801 til dagsins í dag. Þetta



Teiknuð mynd af skipinu fræga.

verk, sem unnið hefur verið á vegum Djúpmannafélagsins í Reykjavík er nú búið að vera nær hálfa öld í smíðum, var hafið af Jóhanni Hjaltasyni fræði-

manni, síðan framhaldið af Guðmundi Guðna Guðmundssyni, yfirlari af Ásgeiri Svanbergsyni og loks aukið og endurbætt af Ólafi. Þeim, sem kynnast vilja

verkinu nánar eða gerast áskrifendur að því fyrirfram er velkomid að hafa samband við Ólaf Hannibalsson.

– thelma@bb.is

Ákall frá Vestfirðingum um Dýrafjarðargöng

Hópur áhugafólks um Dýrafjarðargöng hefur hrundið af stað undirskriftasöfnun þar sem skorad er á Alþingi Íslendinga og ríkisstjórn að færa Dýrafjarðargöng fram á verkefnalista samgönguáætlunar 2012-2024, svo þau verði næsta jarðgangaframkvæmd. Jafnframt er minnt á fyrirheit ríkisstjórnarinnar um að veita Vestfirðum forgang við uppbyggingu samfélagslegra innviða, til þess að bjarga byggð og atvinnulífi. Hörður Sigtryggsson, einn þeirra sem stendur fyrir undirskriftasöfnuninni, segir að undirtektir hafi verið mjög góðar.

Ákallið hljóðar svo: „Við skorum á Alþingi Íslendinga og Ríkisstjórn Íslands að færa Dýrafjarðargöng fram á verkefnalista Samgönguáætlunar 2012-2024 svo þau verði næsta jarðgangaframkvæmd. Jafnframt minnum við á fyrirheit ríkisstjórnarinnar um að veita Vestfirðum forgang við uppbyggingu samfélagslegra innviða til þess að bjarga byggð og atvinnulífi.“

Dýrafjarðargöng hafa verið metin brýnasta samgönguframkvæmdin frá því að Jarðgangáætlun kom fram árið 2000. Dýrafjarðargöng og heilsársvegur um

Dynjandisheiði eru forsenda byggðapróunar og atvinnulífs á norðan- og sunnanverðum Vestfirðum. Þau opna leið milli byggðarlaga þar sem engin vegtenging er stóran hluta árs, veita þar með aðgengi að opinberri þjónustu t.d. framhaldsskóla og fjórðungssjúkrahúsi, opna fyrir vöruflutninga og verslun milli svæða. Engin jarðgangaframkvæmd sem nú er til umræðu getur talist brýnni né þýðingar-meiri fyrir afdrif byggðar og atvinnulífs í einum landshluta. Við skorum á stjórnvöld að efna nú fyrirheit sitt við Vestfirðinga með því að hraða gerð Dýrafjarðarganga.“

Undirskriftalistar liggja nú þegar frammi í verslunum og á þjónustustöðum á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Ísafirði og í Bolungarvík. Þá eru listar á leiðinni á aðra staði, svo sem á Patreksfirði, Bíldudal og Tálknafirði. Áttahagafélög Vestfirðinga hafa sýnt málinu áhuga og verða þeim sendir listar, þannig að brottfluttur Vestfirðingar geti líka tekið þátt í ákallinu um Dýrafjarðargöng. „Nú liggur mikið við. Sameinaðir stöndum vér, sundraðir föllum vér,“ segir Hörður Sigtryggsson.

– thelma@bb.is

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands kynnir:

hjólað í vinnuna

UM ALLT LAND

9.-29. maí

Vinnustaðakeppni

Kept er um:

- Flesta þáttökudaga - vinnustaðakeppni
- Flesta kílómetra - liðakeppni

Skráning og nánari upplýsingar á hjoladivinnuna.is

Vertu með!

100 hjólað í vinnuna 2012

Samstarfsaðilar

1912-2012

Embeitti landlæknis

ÖRNINN

RÁS E

VALITOR

Abalstyrktaraðili

EMM

advania

EMBEITTI LANDLÆKNIS

EMM

Mikilvægt að gera fráveitu vegna framkvæmdanna

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdir við fyrirhugaðra ofanflóðavarna neðan Gleiðarhjalla á Ísafirði kunni að valda því að aukid vatnsmagn verði í rásum sem flytja eiga yfirborðsvatn til sjávar, t.d. vegna aukinnar snjó-söfnunar ofan varnargarðanna sem við hraða bráðnun gæti leitt til flóðtoppa. Einnig kann afrennsli af raskaða svæðinu ofan garðanna að aukast ef vatn sígur þar ekki jafn hratt niður og í grófa urðina við núverandi aðstæður.

„Mikilvægt er því að í framkvæmdinni felist gerð fráveitu er annar flóðtoppum svo ekki flæði inn á lóðir húsa eða inn í hús. Tekið er undir áform um að fylgjast með grunnvatnsstöðu í lóðum húsa, m.t.t. hættu á skemmdum á þeim og vöktun á snjó-söfnun við garðana m.t.t. hættu á að snjór þar hlaupi fram,“ segir í álitni stofnunarinnar vegna

umhverfismats á framkvæmdunum.

Skipulagsstofnun telur einnig að sjónræn áhrif ofanflóðavarna geti orðið talsvert neikvæð einkum fyrir þá sem búa næst varnargörðunum og missa útsýni til fjallshlíðarinnar ofan byggðarinnar og einnig séð neðan frá Suðurtanga eða við siglingu inn Skutulsfjörð. Stofnunin telur hugmyndir um mótun varnargarðanna, frágang yfirborðs og uppgræðslu/ræktun séu til þess fallnar að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum og ef vel tekst til verði aðstaða til útivistar og ræktunar ekki síðri að framkvæmdum loknum en nú er.

Framkvæmdin kemur til með að hafa þein og varanleg áhrif á gróður á allstóru svæði og þó að sjaldgæfum tegundum verði ekki raskað þá segir Skipulagsstofnun að áhrifin verða nokkuð neikvæð



Séð niður til byggða úr Gleiðarhjalla.

en fyrirhuguð uppgræðsla mun draga úr þeim til lengri tíma lítið. Búast má við ónæði vegna hávaða og umferðar á framkvæmdatíma og þarf að stefna að því að vinna á svæðinu í áföngum þannig að frágangur einstaka svæða geti hafist sem fyrst. Skipulagsstofnun telur að hvernig til tekst um áhrif framkvæmdarinnar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfið sé háð verktilhögun og mótvægisáðgerðum sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum á byggingartíma/rekstrartíma. Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla Ísafjarðarbæjar hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir athugasemdum og umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatskýrslu.

Verbúð verður gistiheimili

„Ég er að koma mér fyrir á Langeyri, í gömlu verbúðinni,“ segir Vilborg Arnarsdóttir, en í júní opnar hún þar gistiheimilið Svanfjörð.

Gistiheimilið verður á neðri hæð hússins, en þar er svefnaðstaða fyrir 12 manns í sex herbergjum. Að sögn Vilborgar er nú í fyrsta skipti haldið út heilsársgistingu í Súðavík. Húsið er byggt árið 1935 og í upphafi var neðri hæð hússins salthús, en í kringum árið 1970 var neðri hæðinni breytt í verbúð. Að sögn Vilborgar hefur enginn búið í húsinu í nokkur ár. Hennar hugmynd er sú að saga sjávarútvegs og hvalveiða verði áberandi inni í húsinu.

„Ég vil tengja þetta sögu Langeyrar og þeirri verslun sem var þar. Á ganginum verða myndir frá þessum tíma,“ segir Vilborg. Vilborg hefur áður unnið sem framkvæmdastjóri fjölskyldu- og útivistargarðsins Raggagarðs í Súðavík, en þetta er í fyrsta sinn sem hún stofnar einstaklingsfyrirtæki. Gistiheimilið og rekstur þess verður í samvinnu við Iceland Tour Guy. Gistiheimilið opnar 1. júní.



Kaupfélagshúsið stendur við Austurveg 2.

Kaupfélagshúsið selt fyrir 35 milljónir

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að ganga að kaupsíðu í Kaupfélagshúsið svokallaða á Ísafirði upp á 35 milljónir króna. Tilboðið barst frá Flosa Kristjánssyni, Gísla Má Ágústssyni, Alfreð Erlingsyni og Ágústi Gíslasyni. Þeir buðu í síðasta mánuði 30 milljónir í fasteignina en bæjarráð hafnaði því. Var þó samþykkt að hefja viðræður til tilboðsgjafa og

í kjölfarið voru boðnar 35 milljónir í húsnæði en í kaupsíðunni er gert ráð fyrir að eignarhlutanum fylgi 14 bílastæði á planinu norðan við fasteignina sem er að Austurveg 2.

Arna Lára Jónsdóttir bæjarfulltrúi minnihlutans lagði til að tillögu um sölu fasteignarinnar yrði vísað til bæjarráðs til frekari umfjöllunar en tillaga hennar var felld með fimm atkvæðum gegn

fjórum. Var í staðinn samþykkt að Eiríkur Finnur Greipsson, oddvita Sjálfstæðisflokksins yrði heimilað ásamt bæjarráðgjafa til samninga við tilboðsgjafa á grundvelli tilboðs þeirra. Þess má geta að í síðasta mánuði hafnaði bæringinn 25 milljóna kr. tilboði frá Vestfirskum verkötum ehf. í 2. hússins. Síðastliðið haust barst tilboð upp á 40 milljónir kr. í eignina frá sömu aðilum

og buðu 35 milljónir nú en það tilboð rann út.

Síðastliðin tíu ár hafa þar verið hýstir yngri bekkir Grunnskóla Ísafjarðar en nú þegar uppbyggingu gamla skólahússins er lokið er ekki lengur þörf fyrir aðstöðuna í Kaupfélagshúsinu og ákvað bæringinn því að leita tilboða í eignina. Önnur hæðin er 345,5 m² að stærð og þriðja hæðin er 362,4 m² að stærð. – *thelma@bb.is*

Eldið ekki háð umhverfismati

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að allt að 7.000 tonna ársframleiðsla á eldisfiski í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi, skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Stofnunin hefur farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Hraðfrystihússins Gunnvarar hf., umsagnir og viðbrögð félagsins vegna þeirra. Á grundvelli þeirra gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að framleiðslan sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Skipulagsstofnun bendir þó á að mannvirki innan netlaga, þ.e. allt að 115 m frá landi miðað við stórstraumsfjöru, sem hugsanlega verða reist síðar í tengslum við starfsemina t.d. seiðældistöð á Nauteyri og fyrirhugaðar fódurstöðvar, eru bundin ákvæðum skipulagslaga og tilkynna þarf til Skipulagsstofnunar ef stækka á seiðældisstöð á Nauteyri. Þá bendir Skipulagsstofnun á að



samkvæmt þarf að leita umsagnar sveitarfélags þegar veita á leyfi til framkvæmda á svæði sem er innan einnar sjómílu frá netlög-

um. Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Hraðfrystihúsið Gunnvör hf. og aðrir sem að

framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á að-

gerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Átta tillögur bást um nafn á nýtt hjúkrunarheimili

Átta tillögur bást um nafn á væntanlegu hjúkrunarheimili fyrir aldraða á Ísafirði en eftir var til samkeppni þess efnis fyrir stuttu. Eftirtaldir tillögur bást: Hjúkrunarheimilið Bót, Eyrar-bær, Eyri, Faðmur, Hjúkrunarheimilið Hljá, Torfan, Torfnesebót og Torfnesebúgt. Nefnd um

byggingu hjúkrunarheimilis hefur ekki tekið formlega afstöðu til tillagnanna en reiknað er að það verði gert á næsta fundi nefndarinnar. Að sögn Eiríks Finns Greipssonar, mun nefndin vinna út frá tillögunum við nafnagift hjúkrunarheimilisins sem mun rísa neðan við Heilbrigðisstofnun

Vestfjarða við Hafnarstræti og Skutufjarðarbraut.

Vinningshafinn í nafnasamkeppninni fær að launum svokallaðan súperpassa frá Ísafirði sem gildir sem árskort á skíðasvæðin á Ísafirði, í allar sundlaugar sveitarfélagsins og í líkamsræktarsaluna á Suðureyri, Flateyri og á

Pingeyri.

Þá er runninn út frestur arkitektastofa sem valdar voru til að taka þátt í samkeppni um hönnun heimilisins. Sex fyrirtæki urðu fyrir valinu en fjórtán fyrirtæki tóku þátt í forvalinu. Þau fyrirtæki sem taka þátt í samkeppninni eru Arkitektur.is, Arkís arki-

tektar, AVH ehf., Batteríð arkitektar ehf., VA arkitektar ehf. og Yrki arkitektar. „Nú er að hefjast úrvinnsla á tillögum sem bást frá þessum sex aðilum. Við búumst við því að því verði lokið í byrjun maí og munum við þá upplýsa hverjir hreppa hnossið,“ segir Eiríkur. –*thelma@bb.is*

Sælkeri vikunnar er Julia Staples á Ísafirði

Japanskt miðnætursnarl

Sælkeri vikunnar býður upp á Okonomiyaki pönnukökur, sem eru japanskar pönnukökur. „Þessar pönnukökur eru hefðbundið japanskt miðnætursnarl eftir ferð á barinn. Þær eru matarmiklar þrátt fyrir að kallast pönnukökur og eru svo ljúffengar. Ef þið eigið ekki sjávarfang er hægt að gera þær eingöngu með beikoni. Þær eiga að vera skemmtilegur kostur, bæði við að matreiða og innbyrða. Ég mæli með að nota rafmagns-grill og setja það á mitt borðið þannig að allir geti eldað saman. Sessunautarnir geta þá skipst á við að búa til sína eigin pönnuköku eftir smekk sem fer eftir því hversu mikið magn af fiski eða beikoni þeir vilja, eða ef þeir eru grænmetisætur og vilja aukaskammt af káli.“

Uppskriftin fyrir neðan dugar í tvær pönnukökur en ég myndi gera ráð fyrir tveimur

kökum á mann ef rétturinn á að vera í kvöldmat.

Í uppskriftinni eru þara- og fiskiflögur en ef það er erfitt að finna þær er engin ástæða til að örvænta. Okonomiyaki eru líka góðar án þeirra. Japanska majónesið er einnig erfitt að finna en ég er viss um að Bónustegundin dugar vel í staðinn,“ segir Julia.

Okonomiyaki pönnukökur

Hráefni

Fyrir 2

100 g eða 1 bolli hveiti
160 ml eða 2/3 bolli vatn (eða kjúklingasöð)

2 egg

300 g eða 4 bollar kál, skorið í 3 cm breiða strimla

2 vorlaukar- skáskornir í þunnar sneiðar

6 sneiðar beikon, skorið í bita.

Svo má bæta við ef vill (ég mæli með því):

100 g eða hálfur bolli ósoðin

rækja-lítil

100g eða hálfur bolli sjávar réttablanda (eins og fæst í Samkaupum)

Meðlæti:

Majónes - Japanska Kewpie majónesið er best (það, þaraflögurnar og fiskiflögurnar má oft finna í austurlensku búðunum syðra)

Okonomi sósa (sjá uppskrift fyrir neðan)

Aonori þaraflögur

Katsuobushi (Bonito fiskur) fiskiflögur

Þískið saman í stórra skál hveitið og vatnið þar til það er vel blandað saman. Bætið við eggjum, kálinu, lauknum og smá af rækjunum og sjávarréttablöndunni. Ekki of mikið samt.

Setjið olíu á 200 gráðu heita grillpönnu. Skiptið hráefninu í tvær pönnukökur og setjið á pönnuna. Notist við spaða til að



móta og fletja pönnukökurnar þar til þær eru um 1,5 sm þykkar og u.þ.b. 30 sm á breidd.

Setjið beikonið ofan á pönnukökurnar. Snúið pönnukökunum við eftir um þrjár mínútur (þannig að beikonið snúi niður) og eldið í fjórar mínútur til viðbótar eða þar til þær eru orðnar stífar og vel brúnaðar.

Færið yfir á disk og bætið við majónesi og okonomi sósu og sáldrið þara- og fiskiflögunum yfir. „Borðið þetta fljótt áður en sessunautur ykkar reynir að stela skammtinum ykkar,“ ráðleggur Julia.

Okonomiyaki sósa

1/4 bolli tómatsósa
1 1/2 tsk Worcestershire
1/4 tsk dijon sinnep
2 tsk. hrísgrjónavín
1 tsk sojasósasoy

Blandið saman öllum hráefnunum í litinn pott eða pönnu og hitið að suðu. Látið malla í um 30 sekúndur og hrærið einstöku sinnum í. Takið af hitanum.

Ég skora á Lauru Reano Verde á Ísafirði að verða næsti sælkeri BB.



SAGA CLUB

ENN ÖFLUGRI FRÍÐINDAKLÚBBUR

Safnaðu fleiri Vildarpunktum Icelandair – Njóttu þess

Við kynnum nýja og betri möguleika til að nota Vildarpunkta og safna þeim.

- | Þú safnar Vildarpunktum fyrir öll flug með Icelandair
- | Þú færð fleiri Vildarpunkta fyrir hærra fargjald
- | Þú færð Vildarpunkta fyrir öll viðskipti um borð í vélum Icelandair
- | Gleymdu ekki að athuga hvort kreditkortid þitt sé ekki örugglega að safna Vildarpunktum